

Opinn samningafundur Eflingar við Reykjavíkurborg

Kynning á tilboði

lðnó, 22. janúar 2020

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar



Bakgrunnur og fyrirvari

Tilboð samhljóða þessu, en í ítarlegri mynd, var lagt fram við samninganefnd Reykjavíkurborgar á samningafundi hjá Ríkissáttasemjara þann 16. janúar 2020.

Tilboð í þeirri mynd sem lagt var fram 16. janúar liggur frammi auk viðhengja.

Tilboðinu fylgdi sá fyrirvari að það er vinnuskjal, ekki tæmandi og er hugsað sem grundvöllur frekari umræðu um tiltekin atriði sem og um atriði sem ekki eru nefnd sérstaklega. Í tilboðinu felst ekki skuldbinding um afstöðu til atriða sem ekki eru nefnd sérstaklega.

Tilboð - yfirlit

1. Taxtar, laun og uppbætur
2. Leiðrétting: Breytt tengiregla starfsmats
3. Vinnutímastytting í dagvinnu og vaktavinnu
4. Aðbúnaður og vinnumhverfi
5. Gildistími og forsendur

Taxtar og uppbætur

	1. apríl 2019	1. apríl 2020	1. janúar 2021	1. janúar 2022
Launaflokkar upp að 265 hækka um	17.000 kr.	24.000 kr.	24.000 kr.	25.000 kr.
Desemberuppbót	m.v. lfl. 219 (307.394 kr.)	m.v. lfl. 219 (331.394 kr.)	m.v. lfl. 219 (355.394 kr.)	m.v. lfl. 219 (380.394 kr.)
Orlofsuppbót	m.v. lfl. 219 / 2 (153.697 kr.)	m.v. lfl. 219 / 2 (165.697 kr.)	m.v. lfl. 219 / 2 (177.697 kr.)	m.v. lfl. 219 / 2 (190.197 kr.)

Taxtar, laun og uppbætur - samantekt

- Sömu taxtahækkanir og á almennum vinnumarkaði samþykktar.
- Fyrirvari um samningsákvæði sérstakra hópa, starfsaldur, hæfnismat og fleira.
- Samninganefnd opin fyrir viðræðum um desember- og orlofsuppbætur.

Láglaunafólk hjá Reykjavíkurborg – vandinn

- Taxtar eru bæði gólf og þak – fylgja ekki markaðsþróun, ekkert launaviðtal, enginn mætingarbónus o.s.frv.
- Stór hópur (ca. 1000 manns á leikskólum) á engan möguleika á yfirvinnu eða vaktavinnu, sem margt láglaunafólk á almennum vinnumarkaði nýtir sér
- Ástand síðustu 10-12 ára: Fyrst niðurskurður og svo þensla – starfsfólk flúið störf hjá borginni unnvörpum. Aukið álag og ábyrgð færst á láglaunafólk.
- Lítilsvirðing í garð kvennastétta. Meirihluti láglaunafólks hjá borginni eru konur og tilheyra hópi sem er líklegri en aðrir til ótímabærrar örorku.

Láglounafólk hjá Reykjavíkurborg – ábyrgð

- Reykjavíkurborg stærir sig af því að vera framsækinn vinnustaður jöfnuðar – jafnréttisáætlanir, vottanir o.s.frv.
- Engu að síður er borgin stærsti láglounavinnuveitandi landsins.
- Borgarstarfsmenn eru „fullvinnandi í fátækt“ („working poor“) – skammarblettur á Reykjavíkurborg
- Launastefna er ekki ákvörðun eða ábyrgð embættismanna.
- Kjörnir fulltrúar bera ábyrgð – borgarstjóri er æðsti yfirmaður borgarstarfsmanna. Efling krefst þess að ábyrgð sé öxluð.

Skref til afnáms láglounastefnu og kynjamisréttis hjá Reykjavíkurborg – útfærsla


- **Lagt fram í tilboði Eflingar:** 1.9.2020 og 1.3.2021 breytist tengiregla starfsmats fyrir ákveðin matsstig þannig að laun í lögstu launaflokkum hækka.
- Fyrirmynd frá tíð Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur (2005): leiðrétting á svokallaðri „starfsmatslínu“ sem ákvarðar tenginguna milli starfsmatsstiga og röðun starfs í launaflokk.
- Raunhæf, auðframkvæmanleg og þekkt útfærsla.
- Engar hækkanir á launum öðrum en lögstu launum, hvorki í prósentum né krónutölum.

Nánar um útfærslu

- 1800 einstaklingar í hópnum – 78% þeirra eru konur
- Hefur aðeins áhrif á laun undir 445.822 á mánuði og mest á lágstu laun
- Mesta hækkun mánaðarlauna samtals á samningstíma = 52.507 kr.
- Lægsta hækkun mánaðarlauna samtals á samningstíma = 21.918 kr.
- Upphæðir sambærilegar við yfirborganir og mætingarbónusa sem þekkjast á almennum vinnumarkaði
- Útfærsla og styrking á hugmyndafræði Lífskjarasamningsins um sérstakar hækkanir lágstu launa án launaskriðs.


Tenging starfsmats við launatöflu

Launaflokkar



Tenging starfsmats við launatöflu

Mánaðarlaun



Vinnutími – dagvinna og vaktavinna

- Reykjavíkurborg hafnaði umræðum um vinnutímastyttingu á grundvelli eigin tilraunaverkefnis.
- Forystan í lausn málsins kom frá Ríkinu.
- **Dagvinna:** Vísast í drög send frá Rvk. 27. nóvember 2019
 - Stytting um 13 mínútur á dag tryggð eigi síðar en 1. janúar 2021
 - Viðræðuferli þar sem unnt verði að stytta vinnuviku enn frekar
 - Nálgunin er samþykkt með fyrirvara um ákvæði um tilhögun viðræðna, aðild stéttarfélags og sérstök ákvæði einstakra hópa
- **Vaktavinna:** Sérstakur vinnuhópur skili afurð
 - Ekki skrifað undir fyrr en niðurstaða úr starfi vaktavinnuhóps liggur fyrir og hefur verið samþykkt af samninganefnd Eflingar
 - Unnið sameiginlega að því að flýta og auðvelda störf hópsins

Aðbúnaður og aðstæður

- Vísast í vinnuskjöl dags. 5. desember 2019 um aðbúnað starfsfólks á einstökum sviðum.
- Dæmi:
 - Viðeigandi hlífðarbúnaður og föt
 - Endurgreiðsla vegna kaupa á lúsasjampói
 - Mat á námskeiðum og fræðslu

Gildistími og forsendur

- Samningur gildi frá 1. apríl 2019
 - Afturvirk leiðrétting að frádreginni 105.000 kr. innágreiðslu frá 1. ágúst
- Samningur gildi til 31. desember 2022
- Hagvaxtarauki úr gildandi kjarasamningi á almennum vinnumarkaði
- Launaþróunartrygging samkomulags- og útfærsluatriði

Tilboð Eflingar – samantekt

Samningsþættir	Staða
Taxtar	✓ Fallist á sömu hækkun og á almennum vinnumarkaði
Uppbætur	? Viðbragða beðið – tilbúin til viðræðna
Láglaunastefna og kynjamisrétti	? Viðbragða beðið – útfærð tillaga sem styrkir hugmyndafræði Lífskjarasamningsins lögð fram
Vinnutímastytting í dagvinnu	✓ Fallist á tilboð með fyrirvörum
Vinnutímastytting í vaktavinnu	? Niðurstöðu beðið úr vaktavinnuhópi
Gildistími og forsendur	✓ Sambærilegar og á almennum vinnumarkaði
Aðbúnaður og aðstæður	? Viðbragða beðið – útfærðar tillögur lagðar fram

Borgin er í okkar höndum!

